

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 165/2015

2016/EES/69/36

frá 11. júní 2015

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012):
„– **32015 R 0640**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66nh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014):
„66ni. **32015 R 0640**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtið. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/640, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.